

Alþingi
Erindi nr. P 143/286
komudagur 20.11.2013



Nefndasvið Alþingis, umhverfis- og
samgöngunefnd
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2013
Tilvísun: 2013110006
SE/GG/KK/BH
Tölvupóstur dags. 05.11.2013.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 120. mál.

Með tölvubréfi dags. 5. nóvember sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreint frumvarp til laga um breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Frumvarpið felur í sér tillögu um að breytt verði ákvæði 1. mgr. 12. gr. laganna varðandi endurskoðun matsskýrslu framkvæmdaraðila. Eru lagðar til tvær efnisbreytingar á ákvæði laganna.

1) Skylda til að óska álits Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu þegar 7 ár eru liðin frá því að álit liggur fyrir.

Annars vegar er lagt til að Skipulagsstofnun geti ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu þegar 7 ár eru liðin frá því að álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir án þess að framkvæmdir séu hafnar. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við að 10 ár hafi liðið frá því að álitnið liggur fyrir án þess að framkvæmdir hafi hafist. Rökin fyrir breytingunni eru að 10 ár séu of langur tími þar sem ýmsar breytingar geti orðið sem raski forsendum matsskýrslu.

Í fyrsta lagi er því haldið fram að niðurstöður nýrra rannsókna og aukin þekking geti valdið því að endurskoða þurfi matsskýrslu. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er gerð ítarleg rannsókn á náttúrufari, svo sem gróðurfari og lífríki, þess svæðis sem framkvæmdin getur hugsanlega haft áhrif á. Er ekki líklegt að frekari rannsóknir innan skamms tíma leiði til breyttrar niðurstöðu hvað áhrif á náttúrufar varðar.

Í öðru lagi er nefnt að breytingar á náttúrufari geti valdið nauðsyn á endurskoðun matsskýrslu. Ekki er vitað til þess að slík dæmi hafi komið upp í framkvæmd þar sem breytingar á náttúru og lífríki eru ekki svo örar að 3ja ára stytting á gildistíma mats hafi mikil áhrif þar á. Þar sem dæmi skortir í greinargerð með frumvarpinu er ekki auðvelt að fjalla ítarlega um þetta atriði að svo komnu.

Í þriðja lagi er nefnd breytt landnotkun og áhrif manna á áhrifasvæði framkvæmdar. Landnotkun er venjulega ákveðin í skipulagsáætlunum sem venjulega hafa mun lengri gildistíma en hér um ræðir, eða a.m.k. 15 - 20 ár. Matsskyldar framkvæmdir byggja að jafnaði á skipulagsáætlunum eins og þær eru á hverjum tíma.

Breyti sveitarfélag landnotkun í skipulagsáætlunum sínum er ljóst að framkvæmdaleyfi fæst ekki útgefið ef framkvæmd er ekki í samræmi við landnotkun eins og hún er ákveðin í skipulagi.

Vegagerðin telur því að þetta atriði geti ekki stutt tillögu frumvarpsins.

Í fjórða lagi eru nefndar breytingar á löggjöf. Mat á umhverfisáhrifum felur í sér mat á þeim afleiðingum sem framkvæmd hefur með tilliti til umhverfis. Breytingar á löggjöf hafa gildi óháð mati á umhverfisáhrifum og er framkvæmdaraðili að jafnaði bundinn af þeirri löggjöf sem er í gildi þegar framkvæmdir hefjast. Sama gildir um breytingar á skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum svo framarlega að þær hafi verið innleiddar í íslenskan rétt.

Að mati Vegagerðarinnar er ólíklegt að ofangreindir þættir breytist svo hratt að 3 ár til eða frá breyti miklu um forsendur fyrir mati á umhverfisáhrifum. Af þeim sökum telur Vegagerðin ekki nauðsynlegt út frá umhverfisverndarlegum hagsmunum að ráðast í þessa breytingu á lögnum. Hins vegar væri breyting í þessa veru til þess fallin að tefja fyrir undirbúningi framkvæmda í einhverjum tilvikum á meðan á málsmeðferð stendur vegna skoðunar á þörf fyrir endurskoðun matsskýrslu.

2) Heimild til umhverfisverndarsamtaka til að óska eftir endurskoðun matsskýrslu.

Lagt er til í frumvarpinu að umhverfisverndarsamtök fái heimild til að óska eftir endurskoðun matsskýrslu. Orðalag tillögunnar er óljóst að því leyti að vísað er almennt til Árósasamningsins án þess að skilgreind séu nánar skilyrði þess að heimildin verði virk. Ákvæði Árósasamningsins hafa verið innleidd í íslensk lög með lögum nr. 131/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins. Í 25. gr. laganna um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er mælt fyrir um kæruaðild m.a. vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu og um það vísað til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Samkvæmt a. lið 3. mgr. 4. laga nr. 130/2011 eiga umhverfisverndarsamtök sem uppfylla skilyrði kæruaðild hvað varðar slíkar ákvarðanir.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum felur í sér skyldu framkvæmdaraðila til að óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu hafi framkvæmdir ekki hafist innan tilgreinds tíma frá því að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir. Með lögfestingu ofangreindra ákvæða um kæruaðild er almenningi, þ.m.t. umhverfisverndarsamtökum tryggð aðkoma að ferlinu og telur Vegagerðin því tillögu frumvarpsins að því leytinu til óþarfa að slík samtök geti nú þegar átt aðkomu að málsmeðferð og kært ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Verði allt að einu talið rétt að lögfesta sérstaka heimild til umhverfisverndarsamtaka að þessu leyti er lagt til að hún orðist með eftirfarandi hætti:

2. málsliður 1. gr. frumvarpsins orðist svo: „Á sama hátt getur almenningur, þ.m.t. umhverfisverndarsamtök, óskað ákvörðunar Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu.“

Greinargerð: Gert er ráð fyrir því að framkvæmdaraðili óski ákvörðunar Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu hafi framkvæmdir ekki hafist að liðnum tilgreindum tíma frá því að álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Óski framkvæmdaraðili ekki eftir slíkri endurskoðun er lagt til að almenningur, þ.m.t. umhverfisverndarsamtök eins og þau eru skilgreind í m.-lið 1. mgr. 3. gr. laganna, geti farið fram á ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri